



Reykjavík, 15. desember 2017  
R17120071

Borgarráð

***Starfshópur um innleiðingu stefnu um frístundaþjónustu til 2025***

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um innleiðingu stefnu um frístundaþjónustu til 2025 eru lögð fram til kynningar. Hlutverk hópsins er að móta kostnaðargreinda og ábyrgðarskipta innleiðingaráætlun fyrir stefnu um frístundaþjónustu til 2025 með tímasettum áföngum. Lögð verði áhersla á forgangstillögur stýrihóps um frístundastefnu og sérstöðu hverfa Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Fyrsta heildstæða frístundastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt einróma í borgarstjórn þann 3. október 2017. Frístundastefnan gildir til 2025 og leggur áherslu á fjölbreytni, jafnt aðgengi, virka þátttöku, forvarnir og heilsueflingu auk þess sem mikil áhersla er lögð á fagmennsku í frístundastarfinu. Næstu skref eru að forgangsráða þeim tillögum um aðgerðir sem fylgja stefnunni og leggja fram áætlun um innleiðingu þeirra.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um innleiðingu stefnu um frístundaþjónustu til 2025.

Skýrsla stýrihóps um frístundaþjónustu og félagsstarf um stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025.



# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um innleiðingu stefnu um frístundapjónustu til 2025

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Fyrsta heildstæða frístundastefna Reykjavíkurborgar var samþykkt einróma í borgarstjórn þann 3. október 2017. Frístundastefnan gildir til 2025 og leggur áherslu á fjölbreytni, jafnt aðgengi, virka þátttöku, forvarnir og heilsueflingu auk þess sem mikil áhersla er lögð á fagmennsku í frístundastarfinu. Næstu skref eru að forgangsráða þeim tillögum um aðgerðir sem fylgja stefnunni og leggja fram áætlun um innleiðingu þeirra.

### Hlutverk:

Að móta kostnaðargreinda og ábyrgðarskipta innleiðingaráætlun fyrir stefnu um frístundapjónustu til 2025 með tímasettum áföngum. Lögð verði áhersla á forgangstillögur stýrihóps um frístundastefnu og sérstöðu hverfa Reykjavíkurborgar.

### Helstu verkefni:

- Mótun innleiðingaráætlunar með tímasettum áföngum  
Dæmi um útfærslu:
  1. áfangi: aðgerðir innleiddar á árinu 2018
  2. áfangi: aðgerðir innleiddar á árinu 2019
  3. áfangi: aðgerðir innleiddar á árunum 2020-2025
- Hvert fagsvið leggi fram hugmyndir um útfærslu þeirra tillagna sem tengjast sérstaklega viðkomandi fagsviði og beri ábyrgð á innleiðingu í kjölfarið.
- Starfshópur leggi fram hugmyndir um útfærsla tillagna sem ganga þvert á svið og taki endanlega afstöðu til hugmynda fagsviða um útfærslu tillagna.
- Skilgreindir verði ábyrgðaraðilar á innleiðingu hverrar tillögu/aðgerðar og hverjir eigi að koma að útfærslu viðkomandi tillögu.
- Allar tillögur verði kostnaðarmetnar.

### Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs (formaður).

Fulltrúi íþróttá- og tómsundasviðs.

Fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Fulltrúi velferðarsviðs.

### Starfsmaður:

Starfsmaður starfshóps komi frá skóla- og frístundasviði. Starfshópurinn hefur jafnframt heimild til þess að leita eftir utanaðkomandi ráðgjöf í samvinnu við ábyrgðarmann.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu og hafi aðra stefnumörkun borgarinnar til hliðsjónar.

**Starfstímabil:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum eigi síðar en 1. mars 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG





# **Stefna um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025**

- tillaga til borgarstjórnar (5. sept. 2017)





# **Stefna um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025**

- tillaga

**Útgáfa:** Reykjavíkurborg 2017

**Samþykkt:** Í Borgarstjórn dags. 3. október 2017

**Ábyrgðarmaður:** Skúli Helgason.

**Stýrihópur:** Marta Guðjónsdóttir, Skúli Helgason og Sólveig Tómasdóttir.

**Starfsmenn:** Berglind Magnúsdóttir, Ómar Einarsson, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Soffía Pálsdóttir.

**Uppsetning og hönnun:** Guðrún Hjartardóttir.

## Efnisyfirlit

Megináherslur stefnunnar .....	6
Inngangur .....	7
Forgangaðgerðir út frá megináherslum stefnunnar .....	10
Umhverfi og skipulag frístundaþjónustu og félagsstarfs í Reykjavík .....	13
Stefna um frístundaþjónustu og félagsstarf til ársins 2025 .....	15
Forsendur .....	16
Meginkaflar sem lýsa stöðunni í dag, framtíðarsýn og aðgerðum .....	19
1. Frístunda- og félagsstarf almennings .....	19
2. Frístunda- og félagsstarf yngri en 9 ára .....	21
3. Frístunda- og félagsstarf 10-15 ára .....	23
4. Frístunda- og félagsstarf fyrir 16+ .....	26
5. Frístunda- og félagsstarf eldra fólks .....	28
Hugtakalisti .....	30
Heimildaskrá .....	32



**Leiðarljós Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.**

## **Megináherslur stefnunnar**

### **Fjölbreytt og skemmtilegt**

Í Reykjavík verði boðið upp á fjölbreytta og skemmtilega frístundaþjónustu með áherslu á almenna þátttöku og jafnt aðgengi.

### **Virk þátttaka**

Lýðræði, valdefling og virk þátttaka allra þeirra sem þjónustan snýr að.

### **Jöfnuður**

Áhersla verði lögð á að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Leitast verði við að koma til móts við þarfir allra aldurshópa fyrir frístundaþjónustu.

### **Forvarnir og lýðheilsa**

Tryggja borgarbúum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum og auka þannig líkur á því að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættu hegðun.

### **Fagmennska**

Frístundaþjónustan verði starfrækt á heilsársgrunni þannig að samfella verði í þjónustunni og fagmennska höfð í fyrirrúmi.

## Inngangur

Í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur 2014-2018 er kveðið á um að lögð verði áhersla á jafnan aðgang barna að fjölbreyttu og skapandi frístundastarfi og að mótuð verði stefna um hlutverk Reykjavíkur í frístundaþjónustu og félagsstarfi, með sérstaka áherslu á börn og unglinga.

Á vorönn 2015 skipaði borgarstjóri stýrihóp um frístundaþjónustu og félagsstarf sem skilar hér tillögu að stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík sem ætlað er að ýta undir blómlegt félagslíf og frístundir í borginni. Hópnum var gert að kortleggja frístundaþjónustu í Reykjavík og skilgreina hlutverk og markmið borgarinnar í þeim efnum. Einnig átti hann að fjalla um þjónustu við ólíka hópa, aðstöðu til frístundaiðkunar og hvernig megi nýta innviði borgarinnar sem best. Einnig átti að skoða samstarf innan borgarkerfis og við utanaðkomandi aðila; einkaaðila, félagasamtök, sjálfssprottið félagsstarf og sjálfbóðaliðasamtök.

Stýrihópurinn skipuðu Sóley Tómasdóttir (formaður), Skúli Helgason og Marta Guðjónsdóttir. Starfsmaður hópsins var Sigrún Sveinbjörnsdóttir. Stýrihópurinn fékk til liðs við sig fulltrúa frá öðrum sviðum borgarinnar sem málið snerta. Það eru þau Berglind Magnúsdóttir frá VEL, Einar Björn Magnússon frá MOF (hætti störfum meðan vinnan stóð yfir), Ómar Einarsson frá ÍTR og Soffía Pálsdóttir frá SFS. Skúli Helgason tók við formennsku í stýrihópnum þegar Sóley Tómasdóttir lauk störfum í borgarstjórn í september 2016.

Áður en hópurinn tók til starfa var búið að safna saman helstu stefnum og gögnum sem tengjast frístundaþjónustu í Reykjavík og þau sett á innri vef skóla- og frístundasviðs.

Fyrir liggur margvísleg stefnumörkun borgarinnar sem eðlilegt er að taka mið af eins og *Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019*, *Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020*, *Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020*, *Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til 2017*, *Skýrsla starfshóps um heilsueflingu aldraðra*, *Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri*, *fjölmeningarstefna SFS Heimurinn er hér*, *skýrslan Lýðheilsa og heilsuefling barna og unglinga í leik- og grunnskólum og frístundastarfi*, *borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila frá 2010*, *auk Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030*. Eins má taka mið af *Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018* og *Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum*.



**Samhliða vinnunni við þessa stefnu hafa verið mótaðar reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva.** Reglur um þjónustu frístundaheimila munu koma í stað samþykktar borgarráðs um starfsemi og rekstur frístundaheimila frá 2010. Stefnan byggir jafnframt á því að unnin hafa verið viðmið um gæði frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Að auki hafa verið gerð reiknilíkön fyrir úthlutun fjármagns til frístundaheimila og félagsmiðstöðva borgarinnar þar sem tekið er tillit til mismunandi stærðar hverfa, landlegu, félagslegrar stöðu, íbúasamsetningar og sérstöðu þeirra.

Íþróttafélögin í borginni vinna samkvæmt *Stefnu í íþróttamálum í Reykjavík til 2012-2020* og áherslan í þeirri stefnu sem hér er lögð fram er á frístundastarf á vegum borgarinnar. Starfshópurinn leggur til að ráðist verði í stefnumótun fyrir æskulýðs- og menningarfélög sem þjóna ungu fólki og varðandi jaðaríþróttir. Ljúka þarf vinnu við að formfesta samstarf borgarinnar við hin ýmsu félög. Jafnframt telur starfshópurinn þörf á að vinna stefnu um útivistarsvæði á vegum borgarinnar og nýtingu þeirra. Skóla- og frístundasvið starfrækir fjórar skólahljómsveitir sem mikilvægt er að vinna stefnu og starfsskrá fyrir.

Hópurinn efndi til víðtæks samráðs við ungt fólk og hagsmunaaðila. Haldnir voru tveir stórfundir, sá fyrri þann 11. nóvember 2015 með tæplega 200 unglingum í 8.–10. bekk grunnskóla í Reykjavík sem valdir voru með slembiúrtaki og sá seinni þann 7. apríl 2016 með foreldrum og starfsfólki í frístundaþjónustu borgarinnar og fulltrúum frjálsra félaga, fjölmeningarráðs, listafólks, Félags eldri borgara o.fl., alls um 70 manns. Báðir fundirnir voru haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að auki var fundað með öldungaráði Reykjavíkurborgar.

Drög að stefnunni voru send út til hagsmunaaðila vorið 2016 og bárust 25 umsagnir. Margar góðar athugasemdir bárust sem tekið var tillit til en unnið var úr umsögnum á haustönn 2016.

Í þessari vinnu kom skýrt í ljós að umsjón og stjórnsýsluleg ábyrgð á frístundastarfi er dreift víða um borgarkerfið, hluti starfseminnar fer fram á vegum velferðarsviðs, annar hluti á vegum íþrótt- og tómtundasviðs, skóla- og frístundasvið fer með stóran hluta starfseminnar og menningar- og ferðamálasvið rekur mikilvæga þjónustu sem nýtist borgarbúum í frítímanum.

Hugmyndir um breytingar eða tilfærslur verkefna kölluðu fram viðbrögð frá starfsfólki borgarinnar og öðrum sem erfitt reyndist að samræma og því telur starfshópurinn að rýna þurfi þær nánar. Mikilvægt er að farið verði í gaumgæfilega skoðun á því hvort núverandi fyrirkomulag þjónar borgarbúum best, eða hvort hægt væri að ná fram faglegum og fjárhagslegum ávinningi með tilteknum breytingum.

Starfshópurinn mælir með því að sett verði af stað skoðun á kostum og göllum þeirra hugmynda sem bárust hópnum samhliða þeirri vinnu sem nú er í gangi við mótun þjónustustefnu Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að stefna þessi gildi til ársins 2025, en verði reglulega endurskoðuð á tímabilinu. Reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva verði endurskoðaðar eftir þörfum og breytingatillögur lagðar fyrir skóla- og frístundaráð. Nú þegar stefnan liggur fyrir er mikilvægt að setja fram tímasetta innleiðingaráætlun. Við innleiðingu stefnunnar er mikilvægt að litið sé til sérstöðu hverfanna og beitt mismunandi nálgun eftir aðstæðum. Í innleiðingaráætlun verði jafnframt kostnaðargreining á tillögum.

Starfshópurinn leggur til að mótuð verði áætlun um innleiðingu stefnunnar í skilgreindum áföngum með kostnaðarmati og fari sú vinna fram í góðri samvinnu við viðkomandi fagsvið.

Í fyrsta kafla eru teknar saman þær tillögur að aðgerðum sem lagt er til að verði í forgangi við innleiðingu stefnunnar flokkaðar eftir megináherslum hennar.

## Forgangsaðgerðir út frá megináherslum stefnunnar

### Fjölbreytt og skemmtilegt

- Áhersla verði lögð á að mæta þörfum barna og unglinga fyrir aðstöðu til skapandi starfs af fjölbreyttu tagi.
- Húsnæði og aðstaða í borginni verði betur nýtt í þágu frístundastarfs fyrir almenning.
- Hverfisíþróttafélög verði hvött til þess að bjóða upp á að foreldrar borgi eitt gjald fyrir íþróttastarf og börnin fái að kynnast mörgum íþróttagreinum innan félagsins.
- Íþróttafélög verði hvött til að bjóða upp á tíma í íþróttum sem ekki eru afreks- eða keppnismiðaðir.
- Unnið verði að betri tengingu félagsstarfs eldra fólks á vegum Reykjavíkurborgar við starf íþróttafélaga, dansskóla, stéttarfélaga, kirkjunnar, Félags eldri borgara og starfsmannafélaga.

### Virk þátttaka

- Halda stórfundi með börnum og unglingum um málefni þeirra.
- Stuðla að því að börn, unglingar og ungmenni geti sótt um styrki til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.
- Efla kynningu, samstarf og samráð við foreldra barna um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
- Bæta alla upplýsingamiðlun um frístundastarf, t.d. með því að gera vefinn [www.fristund.is](http://www.fristund.is) sýnilegri á vef Reykjavíkurborgar og kynna sérstaklega fyrir eldri borgurum.
- Efla foreldrasamstarf í félagsmiðstöðvum.



## Jöfnuður

- Sérstök áhersla verði lögð á að hvetja og aðstoða foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og efnaminni foreldra við að nýta sér frístundakortið og annan stuðning til að börn þeirra geti stundað skipulagt íþróttá- og tómstundastarf í borginni.
- Nýta styrkveitingar borgarinnar til að jafna aðgengi barna að frístundastarfi í öllum hverfum. Í þessu skyni verði horft til framboðs á þjónustu í hverfum og reynt að stuðla að auknu jafnræði.
- Bæta aðstöðu í félagsmiðstöðvum og auka þjónustu til að geta boðið upp á frístundastarf án aðgreiningar. Fjármagni verði deilt út í borgarhluta út frá fjölda og þjónustuþyngd þeirra barna sem nýta þjónustuna.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglinga í minnihlutahópum og hvetja til verkefna sem koma í veg fyrir félagslega einangrun þeirra.
- Leitast við að koma til móts við þarfir 16+ hópsins um frístundaþjónustu í hverfum borgarinnar.

## Forvarnir og lýðheilsa

- Félagsmiðstöðvar hafi frumkvæði að samstarfi við opinbera aðila, félagasamtök og foreldra innan hverfa og milli hverfa þegar bregðast þarf við áhættuhegðun unglinga.
- Frístundamiðstöðvar hafi það hlutverk að leiðbeina borgabúum um hvernig megi nýta frítímamann á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Fjölga styrkjum til verkefna sem hafa forvarnar- og heilsuefningargildi með sérstakri áherslu á að ná til þeirra sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.
- Vinna gegn félagslegri einangrun fólks á öllum aldri með því að auka kynningar á tómstundatilboðum í hverfum í samvinnu við þjónustumiðstöðvar, skóla og fleiri aðila.
- Setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi á unglingsárunum, sérstaklega meðal ungmenna í áhættuhópum.

## Fagmennska

- Leitast verði við að fjölga menntuðum tórstunda- og félagsmálafræðingum í störfum hjá Reykjavíkurborg í skóla- og frístundastarfi til að efla faglegt frístundastarf.
- Félagsmiðstöðvar innleiði vottunarkerfi sem geri unglíngum kleift að fá verkefni sín eða afrek í félagsmiðstöðvastarfi metin. Þetta árangursmat eða vottun fái raunverulegt vægi í samfélaginu.
- Skoða möguleika á að samræma starfsemi félagsmiðstöðva og Vinnuskólans og að fleiri starfsmenn verði ráðnir í heilsárs störf með unglíngum.
- Kannaðir verði möguleikar á heilsársrekstri frístundaheimila og m.a. skoðað hverju þarf að breyta í innritunarferlinu.

## Umhverfi og skipulag frístundapjónustu og félagsstarfs í Reykjavík

*Meginstefna og starfsáherslur íþrótt- og tómstundasviðs (ÍTR) 2005-2010* er í raun eina heildstæða stefnan sem unnin hefur verið um frístundastarf á vegum Reykjavíkurborgar. Þar er fjallað um verkefni og miðlæga þjónustu ÍTR og samstarf við félög og samtök. Verkefni ÍTR voru þá rekstur sundlauga, nokkurra íþróttahúsa, útivistarsvæða, skíðasvæða, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, frístundamiðstöðva, Hins hússins, Vinnumiðlunar ungs fólks, samstarf við félagasamtök og fleira. Í stefnunni segir að vettvangur ÍTR sé frítíminn og að þjónusta ÍTR sé ætluð borgarbúum á öllum aldri. „Í frítímanum á að vera gaman en frítíminn er einnig kjörinn til að fást við þroskandi og krefjandi verkefni. ÍTR vill því að frítímapjónustan stuðli að félagslegri velferð og sé farvegur menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.“

Þegar skóla- og frístundasvið (SFS) var stofnað árið 2011 fluttist rekstur frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaklúbba, frístundaheimila, frístundaaksturs, Skrekks og Brúðubílsins frá ÍTR á hið nýstofnaða svið. Málaflokkurinn heyrir undir frístundahluta fagskrifstofu SFS sem að auki hefur umsjón með skólahljómsveitum, samstarfi við tónlistar og myndlistarskóla og verkefnisstjóra barnamenningar í samstarfi við menningar- og ferðamálasvið. Í *Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS* kemur fram að leiðarljós frístundastarfs SFS séu að „Börnum og unglíngum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglínginga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.“ Að auki hefur frístundahluti fagskrifstofu umsjón með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í tengslum við frístundaráðgjöf. Þá er rétt að hafa í huga að ýmsar aðrar starfsstöðvar borgarinnar hafa aðkomu að því fjölbreytta frístundastarfi sem fram fer í borginni.

ÍTR hefur áfram umsjón með rekstri íþróttamannvirkja (sundlauga og íþróttahúsa), samskiptum og samningum við íþrótt- og æskulýðsfélög, Frístundakortinu, rekstri skíðasvæða og skíðalyfta í hverfum, rekstri Hins hússins, þ.m.t. starfsemi fyrir fötluð ungmenni eldri en 16 ára, rekstri Ylstrandar í Nauthólsvík og Sigluness og rekstri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Í *Stefnu í íþróttamálum í Reykjavík 2012–2020* er lögð áhersla á að borgarþátttakendur séu meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og að fólk á öllum aldri taki virkan þátt í reglubundinni hreyfingu. Jafnframt að samtvinnað skóla-, íþrótt- og

tómstundastarf tryggja börnum og unglingum holla og markvissa hreyfingu og tómstundastarf á dagtíma, ásamt því að ýta undir aukinn samverutíma fjölskyldunnar.

Félagsstarf eldri borgara heyrir undir félagsmiðstöðvar Velferðarsviðs. Í *Eftirfylgni- og aðgerðaráætlun vegna breyttra áherslna í félagsstarfi á félagsmiðstöðvum Velferðarsviðs* frá desember 2013 segir: „Á hverju þjónustusvæði verði boðið upp á félagsstarf á að minnsta kosti einni félagsmiðstöð þar sem markvisst er unnið að og hvatt til sjálfstæðis starfsins í formi námskeiða verktaka, sjálfboðaliðastarfs og stjórnar/Æðsta Ráðs/samvinnuhóps notenda sem ákveður dagskrá í samvinnu við og með stuðningi starfsmanna á staðnum.“ Í áætluninni er jafnframt kveðið á um að á hverju þjónustusvæði sé boðið upp á félagsstarf með stuðningi, að meirihluti starfsfólks sem sinni félagsstarfi búi yfir háskólamenntun og að hreyfing sé hluti af starfinu.

Menningar- og ferðamálasvið býður upp á mikla þjónustu fyrir borgarbúa í frítímanum sem og fyrir þá sem heimsækja borgina í sínum frítíma. Má þar nefna smiðjur og fræðslu á listasöfnum, bókasöfnum og menningarhúsum, foreldramorgna og hópastarf. Í *Menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2020* er lögð rík áhersla á metnað, fjölbreytni, samvinnu og virka þátttöku íbúa og gesta.

Frístundaþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar deilist ekki jafnt á alla aldurshópa. Frístundaheimilin þjónusta vel 6-9 ára börn, megin markhópur félagsmiðstöðva er 13-16 ára unglingar, Hitt húsið hefur stóran markhóp sem eina eiginlega ungmennahúsið fyrir 16 ára og eldri í borginni og markhópur félagsmiðstöðva Velferðarsviðs er fyrst og fremst eldra fólk.



## Stefna um frístundapjónustu og félagsstarf til ársins 2025

Leiðarljós Reykjavíkurborgar er að bjóða upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundapjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags.

Í Reykjavík verði í boði skemmtileg og þroskandi frístundapjónusta sem stuðlar að félagslegri velferð og er farvegur óformlegrar menntunar, menningar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku. Frístundapjónustan miði að því að efla félagsauð hverfanna með því að stuðla að félagslegri þátttöku almennings og samstarfi hagsmunaaðila í hverfum. Frístundapjónustan í Reykjavík byggir á góðu samstarfi fjölmargra aðila með mismunandi áherslur. Reykjavíkurborg veiti tiltekna grunnþjónustu og félagasamtök, menntastofnanir og fleiri veiti aðra þjónustu í málaflokknum. Starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar og styrkir borgarinnar til félaga og samtaka miði að því að stuðla að almennri þátttöku og jöfnu og fjölbreyttu aðgengi að grunnþjónustu. Í öllu frístundastarfi verði leitast við að efla sjálfsmynd einstaklinga með því að gefa þeim tækifæri til að blómstra í því sem þeir eru góðir í og þjálfa upp nýja færni í samræmi við áhugasvið hvers og eins. Frístundastarf verði án aðgreiningar. Sérstaklega verði hugað að því að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna félagslegra aðstæðna eða fötlunar og stuðlað að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra. Leitast verði við að styðja við fólk á öllum aldri sem vill hrinda eigin hugmyndum í framkvæmd. Í Reykjavík verði gert ráð fyrir fjölmennningarlegu frístundastarfi þar sem tillit er tekið til margbreytileikans, mismunandi fjölskyldugerða og breytilegra aðstæðna í samfélaginu. Skipulagt frístundastarf er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem leitast er við að stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Í Reykjavík verði leitast við að nýta þekkingu tómtunda- og félagsmálafræðinga og annarra sérfræðinga í frístundastarfi fyrir fólk á öllum aldri.



## Forsendur

Fritíminn er stór þáttur í lífi fólks. Það hvernig frítímanum er varið getur haft umtalsverð áhrif á lífsgæði, vellíðan, andlega og líkamlega heilsu, hamingju og lífsgleði, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Fritími og félagslíf er góður vettvangur fyrir óformlegt nám og skapandi starf sem getur nýst einstaklingum vel og unnið gegn því að fólk upplifi áhrifaleysi.

Gert er ráð fyrir því að Reykvíkingar séu sjálfir skapandi og virkir í sínum frítíma, komi að skipulagningu og taki virkan þátt í því sem boðið er upp á. Í *Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í æskulýðsmálum (2014-2018)* er sérstök áhersla lögð á að börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsmál, og það endurspeglast í ríkri áherslu á samstarf við börn og ungmenni við mótun þessarar stefnu. Áfram er gert ráð fyrir að frístundamiðstöðvar borgarinnar beri ábyrgð á starfi ungmennaráða í hverfum borgarinnar og Reykjavíkurráði ungmenna, þar sem unglingar hafa tækifæri til áhrifa, geta látið í sér heyra og unnið að málefnum ungs fólks.

Jafnframt er lögð rækt við að vinna að því markmiði úr fyrrnefndri stefnumótun að menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífellt auknum gæðum í æskulýðsstarfi. Tótmundafraeði er fræðigreinin sem fjallar um frítímaþjónustu sem farveg menntunar, menningar, velferðar, uppeldis og lýðræðislegrar þátttöku.

Mikilvægt er að kenna einstaklingum að nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggilegan hátt með það að markmiði að auka lífsgæði. Kennslan getur bæði verið formleg og óformleg. Hin óformlega tótmundamenntun á sér til að mynda stað innan jafningjahóps eða fjölskyldu. Formleg tótmundamenntun er hins vegar sérstakt námsefni sem er hannað til að efla jákvæða og styrkjandi tótmundabátttöku einstaklinga og/eða hópa.

Á Íslandi er töluverð aðgreining milli fatlaðra og ófatlaðra barna í frístundastarfi, ekki síst frá 10 ára aldri. Þegar talað er við fötluð börn og ungmenni kemur í ljós að mörgum finnst að sérúrræði einangri þau frá þátttöku í samfélaginu, aðgreiningin hafi hindrandi áhrif á samskipti þeirra við jafnaldra og að þau missi oft tengsl við vini sína (Rannveig Traustadóttir, 2008).

Aðstæður til frístundastarfs í Reykjavík eru almennt góðar, með fjölmörgum sérhæfðum mannvirkjum til íþróttá- og heilsuefningar, menningarstofnunar, fjölbreyttum útivistarsvæðum og góðu húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf. Rík áhersla er lögð á góða og ábyrga nýtingu á þessari aðstöðu í þágu borgarbúa.

Reglur um þjónustu frístundaheimila og félagsmiðstöðva sem fylgja þessari stefnu fela í sér skilgreiningu á rýmisþörf fyrir starfsemina. Til þess að uppfylla gæðakröfur frístundastarfsins þarf húsnæðið að uppfylla rýmisþarfirnar. Almennt er gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði grunnskóla. Í Reykjavík annast frístundamiðstöðvar rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva í viðkomandi hverfi þar sem forstöðumenn starfsstaða starfa undir handleiðslu og leiðsögn stjórnendateymis í viðkomandi frístundamiðstöð. Þar eru þróaðir starfshættir og verkferlar sem tryggja eiga faglegt starf. Vel hefur tekist til með þá dreifstýringu sem er við líði við stjórnun frístundamiðstöðvanna og mælist starfsmannaánægja þar mjög há samkvæmt Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar 2017.

Í júní 2016 tók gildi ný grein í grunnskólalögum um frístundaheimili þar sem fram kemur að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Sveitarfélög skulu skv. þessari grein fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi. Samkvæmt nýjum lögum eiga almenn ákvæði grunnskólalaga og reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim, um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningaskyldu og ráðningar á grundvelli upplýsinga úr sakaskrá jafnframt að gilda um frístundaheimili. Menntamálaráðuneytið, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, á samkvæmt lagagreininni að vinna viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks.

Frá árinu 2010 hafa hverfisíþróttafélögin í Reykjavík fengið styrki frá borginni til að standa fyrir frístundaakstri fyrir börn í 1.-4. bekk. Þetta hefur gert félögunum kleift að bjóða upp á akstur fyrir börn í 1. og 2. bekk frá frístundaheimilum á æfingar sem eru fyrir kl. 16:30 ef starfið er ekki í göngufæri fyrir börnin. Aksturinn stendur öllum börnum á þessum aldri til boða, án tillits til þess hvort þau eru á frístundaheimilum eða ekki. Ekki er sambærileg þjónusta fyrir börn sem stunda annað tómstundastarf. Á árinu 2017 hækkar fjárveiting vegna frístundaaksturs og rennur nú öll til ÍTR, sem síðan gerir samning við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) um samninga við félögin um frístundaksturinn. Að auki hækkaði styrkur borgarinnar vegna frístundakortsins í 50 þúsund krónur á barn frá og með 1. janúar 2017. Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi.

Stefna þessi styður við og styrkir markmið Reykjavíkurborgar um betri borg, á sviði jafnréttis,

mannréttinda, umhverfisverndar og lýðheilsu, þar sem aukin lýðræðisleg virkni leiðir af sér aukna samfélagsvitund og samfélagslega ábyrgð.



## Meginkaflar sem lýsa stöðunni í dag, framtíðarsýn og aðgerðum

### 1. Frístunda- og félagsstarf almennings

**Staðan:** Reykjavíkurborg býður upp á fjölmarga möguleika fyrir fjölskyldur og almenning til að nýta í frítímanum. Þar má nefna sundlaugar, íþróttamannvirki, menningarhús, listasöfn, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Ylströndina, skíðasvæðin og útivistarsvæði í borgarlandinu. Fimm frístundamiðstöðvar eru starfandi í borginni og hafa þær umsjón með 39 frístundaheimilum fyrir 6-9 ára og 24 félagsmiðstöðvum fyrir 10-16 ára í viðkomandi borgarhluta. Þar að auki hafa frístundamiðstöðvarnar starfrækt ungmennaráð hverfanna, tekið þátt í hverfasamstarfi, staðið fyrir hverfaviðburðum og boðið upp á ýmiss konar aðstöðu fyrir hverfisbúa. Þjónustumiðstöðvar borgarinnar standa að auki fyrir frístundatengdum verkefnum í hverfum, oft í samstarfi við félagasamtök, hverfaráð og aðrar stofnanir borgarinnar. Jafnframt bera þær ábyrgð á innleiðingu forvarnarstefnu borgarinnar, stefnu um heilsueflandi hverfi og heilsueflingu eldri borgara. Ýmis grasrótarsamtök og félög standa fyrir uppkomum fyrir almenning í frístundum, auk þess sem íbúar hafa sjálfir oft frumkvæði að slíku.

**Framtíðarsýn:** Stuðlað verði að jöfnu aðgengi að frístundastarfi óháð efnahag, félagslegri stöðu og búsetu. Frístundamiðstöðvar verði starfræktar í hverjum borgarhluta og sjái um félags- og tómstundastarf sem hafi forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi í samræmi við *Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS*. Þær verði vettvangur fyrir starf á vegum borgarinnar og félagasamtaka, hópa eða íbúa í viðkomandi borgarhluta. Frístundamiðstöðvar verði athvarf fyrir fólkið í borgarhlutanum, með aðstöðu fyrir menningarviðburði, námskeið, smíðjur, fræðslu og hverfishátíðir, aðstöðu fyrir ungmenni, svo fátt eitt sé talið. Á vegum frístundamiðstöðva verði lögð áhersla á samveru og samstarf kynslóða en jafnframt boðið upp á þjónustu fyrir afmarkaða hópa. Starfsemin verði ekki bundin við ákveðið húsnæði heldur fari hún fram víða í hverfum borgarinnar. Fyrir utan húsnæði frístundamiðstöðva verði góð aðstaða til hvers kyns frístundaiðkunar; íþróttaaðstaða, sundlaugar, útivistarsvæði, skíðasvæði, grenndarskógar og almenningsgarðar. Annað húsnæði í hverfum, s.s. íþróttamannvirki, skólar, þjónustumiðstöðvar, menningarmiðstöðvar, söfn og félagsmiðstöðvar verði nýtt með fjölbreyttum hætti fyrir alla aldurshópa þar sem stuðlað verði að aukinni valdeflingu, lýðheilsu, hreyfingu, sköpun, listum, leikjum og virkni. Leitast verði við að koma til móts við síbreytilegar þarfir borgarbúa um opnunartíma og þjónustustig stofnana borgarinnar sem bjóða upp á frístundaþjónustu. Upplýsingatækni og

samskiptamiðlar skipi stóran og mikilvægan sess í frítímanum og lögð verði áhersla á ábyrga og uppbyggilega netnotkun.

### **Tillögur að aðgerðum:**

- Gert verði átak til að hvetja og aðstoða efnaminni foreldrar við að nýta sér frístundakortið og annan stuðning til að börn þeirra geti stundað skipulagt íþrótta- og tómstundastarf í borginni.
- Frístundamiðstöðvar hafi það hlutverk að leiðbeina borgarþúum um hvernig megi nýta frítímamann á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.
- Leitast verði við að fjölga menntuðum tómstunda- og félagsmálafræðingum í störfum hjá Reykjavíkurborg í skóla- og frístundastarfi til að efla faglegt frístundastarf.
- Nýta húsnæði og aðstöðu í borginni betur í þágu frístundastarfs fyrir almenning.
- Skilgreina rýmisþarfir frístundamiðstöðva.
- Fjölga styrkjum til verkefna sem hafa forvarnar- og heilsueflingargildi með áherslu á að ná til þeirra sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.
- Bæta alla upplýsingamiðlun um frístundastarf, t.d. með því að gera vefinn [www.fristund.is](http://www.fristund.is) sýnilegri á vef Reykjavíkurborgar og huga sérstaklega að sýnileika fyrir aldraða.
- Boðið verði upp á fjölskyldusmiðjur á vegum frístundamiðstöðva þar sem fjölskyldur geta komið saman og sinnt afmörkuðum hugðarefnum.
- Nýta mismunandi leiðir til að hvetja til aukinna félagslegra samskipta í borgarlandinu, t.d. með aðstöðu á opnum svæðum fyrir fólk sem hefur áhuga á félagsskap og spjalli.
- Kynna frístundatilboð í Ráðhúsinu og/eða öðrum opinberum stöðum á vegum borgarinnar.
- Gert verði átak í að fjölga leiktækjum á opnum svæðum og í sundlaugum.
- Auka samstarf milli sviða og stofnana með það að markmiði að nýta húsnæði betur.
- Nota mannvirkjavef ÍTR til að ná fram betri nýtingu á mannvirkjum borgarinnar fyrir frístunda- og íþróttastarf, meðal annars í skólum, skólaíþróttahúsum og íþróttamannvirkjum borgarinnar og félaga.
- Tryggja að félög og íbúar geti fengið afnot af frístundamiðstöðvum.
- Auka nýtingu á útivistarsvæðunum í Nauthólsvík, í Gufunesi, Elliðaárdal, á Klambatúni, við Rauðavatn, Laugardal, Hljómskálagarði, Öskjuhlíð, Heiðmörk og skíðasvæðum innan borgarinnar með því að gera þau sýnilegri í kynningum borgarinnar og bæta tengingar á milli staða. Einnig verði hvatt til samstarfs þeirra aðila sem bjóða upp á starfsemi á þessum svæðum, t.d. milli félaga, fyrirtækja og starfsstaða borgarinnar.



## 2. Frístunda- og félagsstarf yngri en 9 ára

**Staðan:** Í leikskólum borgarinnar og hjá dagforeldrum er frjálsum leik gefið mikið vægi og lögð áhersla á að efla félagsþroska barna. Hugmyndafræði leikskóla og frístundastarfs er að því leyti keimlík. Frístundatilboð félagasamtaka miðast að stærstu leyti við grunnskólaaldur. Fyrir 6-9 ára börn eru starfrækt frístundaheimili þar sem boðið er upp á fjölbreytt frístundastarf eftir að skóla lýkur. Fjölmargir aðilar bjóða upp á starf og viðburði í frístundum fyrir börn á þessum aldri.

**Framtíðarsýn:** Frístundastarf verði á hverfisgrunni, þar sem foreldrar hafa aðstæður til að hittast með börn sín í frítímanum og fást við margvíslega iðju. Lögð verði áhersla á markvissa kynningu og aðlögun barna á leikskólaaldri að fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi. Hlutverk og gæðakröfur til frístundaheimila verði skýrar og reglur um starfsemina sömuleiðis. Almennt verði gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila fari fram í húsnaði grunnskóla. Áhersla verði lögð á samræmingu á þjónustu milli árstíða og stefnt að því að rekstur frístundaheimila verði á heilsárs grundvelli. Öll börn geti fundið sér frístundastarf við hæfi í nærumhverfi sínu, þó sértæk áhugamál þurfi ef til vill að stunda utan hverfis. Frístundastarfi verði almennt lokið áður en vinnudegi foreldra lýkur. Almenningsmengingur taki mið af frístundastarfi barna og börn verði þjálfuð í að nýta sér þær og annan virkan samgöngumáta eins og hjólreiðar.

### Tillögur að aðgerðum:

- Nýta styrkveitingar borgarinnar til félagasamtaka til að jafna aðgengi barna að frístundastarfi í öllum hverfum. Í þessu skyni verði horft til framboðs á þjónustu í hverfum og reynt að stuðla að auknu jafnræði.
- Frístundaheimili brúi bilið á milli leikskóla og grunnskóla, þar sem börn sem eru að ljúka leikskóla fari beint inn á frístundaheimili að sumarfríi loknu og kynnist umhverfi frístundastarfsins áður en formleg grunnskólaganga þeirra hefst.
- Kannaðir verði möguleikar á heilsársrekstri frístundaheimila, til samræmis við rekstur leikskóla og m.a. skoðað hverju þarf að breyta í innritunarferlinu.
- Hefja viðræður við mennta- og menningamálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um ráðstöfun grunnskólahúsnaðis í þágu frístundastarfs með tilliti til laga um grunnskóla.
- Efla kynningu, samstarf og samráð við foreldra barna um þjónustu frístundaheimila.

- Leitað verði eftir auknu samstarfi við Strætó um frístundaakstur m.a. með það að markmiði að börn á frístundaheimilum verði markvisst þjálfuð í að nota strætó í tengslum við frístundastarf. Skoðaðir verði möguleikar á að börn í 1. og 2. bekk geti notað árskort frá Strætó í frístundaakstur á vegum hverfisíþróttafélaganna.
- Í hverju hverfi verði gerð áætlun um uppbyggingu samgangna þar sem horft er til frístundastarfs. Horft verði til frístundaþátttöku barna og unglunga við hönnun samgöngukerfa í hverfum út frá því hvernig þau komast í starfið gangandi og hjólandi.
- Hvatt verði til samstarfs hverfisíþróttafélaga og annarra félagasamtaka með það að markmiði að börn sem sækja annað tómstundastarf en íþróttir hverfisíþróttafélaganna geti nýtt sér frístundaakstur.
- Hverfisíþróttafélög verði hvött til þess að bjóða upp á að foreldrar borgi eitt gjald fyrir íþróttastarf og börnin fái að kynnst mörgum íþróttagreinum innan félagsins.
- Börnum standi til boða að taka þátt í fjölbreyttu lista- og menningarstarfi, s.s. með því að bjóða upp á opið hópastarf.
- Vinna gegn félagslegri einangrun með því að auka kynningar á tómstundatilboðum í hverfum og efla tómstundamenntun í grunnskólum.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við börn með annað móðurmál en íslensku og hvetja til verkefna sem virkja þau til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.
- Styðja foreldra á atvinnuleysissskrá eða fjárhagsaðstoð í foreldrahlutverkinu, s.s. með því að benda þeim á fjárhagsstuðning vegna þátttöku barna þeirra í skipulögðu frístundastarfi og benda þeim á hvernig stuðla má að virkri þátttöku barna og fjölskyldna í frítímanum án þess að það kosti mikið.
- Í öllum hverfum verði hugað að því að frístundaheimilin bjóði upp á aldursviðeigandi starf fyrir börn í 3. og 4. bekk grunnskóla.

### 3. Frístunda- og félagsstarf 10-15 ára

**Staðan:** Í Reykjavík starfa 24 félagsmiðstöðvar. Þar er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglunga í 5.-10. bekk grunnskóla í frítíma þeirra. Starfseminni er oftast skipt í tvennt, annars vegar fyrir 10-12 ára og hins vegar 13-15 ára. Áhersla er lögð á að ná til þeirra unglunga sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Félagsmiðstöðvarnar eru ýmist starfræktar í eigin húsnæði eða í húsnæði grunnskólanna. Opnunartími fylgir að mestu starfsári grunnskólanna. Yfir sumartímam er megináhersla lögð á hópstarf. Í fjórum félagsmiðstöðvum er boðið upp á sértækt starf fyrir fötluð börn og unglunga. Fjölbreytt íþrótt- og tómsundastarf fer fram á vegum íþrótt- og æskulýðsfélaga, listaskóla og fleiri aðila.

**Framtíðarsýn:** Frístundastarf fari fram á hverfisgrunni, þar sem unglingar hafa tækifæri til að hittast í frítímanum og fást við margvíslega iðju á eigin forsendum með leiðsögn fagfólks. Áhersla verði lögð á mikilvægt hlutverk frístundastarfs í forvarnarskyni og að efla félagslega stöðu barna og unglunga. Hlutverk og gæðakröfur til félagsmiðstöðva verði skýrar og reglur um starfsemina sömuleiðis. Gert verði ráð fyrir því að starfsemi félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði grunnskóla, þar sem því verður við komið. Félagsmiðstöðvar verði reknar á heilsársgrunni. Unglingar geti að öllu jöfnu fundið sér frístundastarf við hæfi í nærumhverfi sínu, þó sértæk áhugamál þurfi í einhverjum tilvikum að stunda utan hverfis. Hverfisíþróttafélög vinni saman og kynni íþróttagreinar sem ekki eru alls staðar í boði milli hverfa, auk þess sem íþrótt-, lista- og tómsundatílboð án keppnis- eða afreksáherslna verði í boði fyrir þá unglunga sem það kjósa. Frístundastarf verði án aðgreiningar í félagsmiðstöðvum eins og í frístundaheimilum, þar sem stuðningur verður veittur ef þörf krefur. Almenningsamgöngur taki mið af frístundastarfi barna og unglunga.

#### Tillögur að aðgerðum:

- Félagsmiðstöðvar hafi frumkvæði að samstarfi innan hverfa og milli hverfa þegar bregðast þarf við áhættuhegðun unglunga, ef tengslanet hefur ekki verið virkjað með öðrum hætti.
- Halda stórfundi með börnum og unglungum um málefni þeirra.
- Leita leiða til að börn og unglingar geti sótt um styrki til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.
- Auka félagsmiðstöðvastarf og annað frístundastarf fyrir 10-12 ára börn.



- Setja af stað vinnu sem miðar að því að stemma stigu við brotthvarfi úr skipulögðu frístundastarfi á unglingsárunum, sérstaklega meðal ungmenna í áhættuhópum.
- Efla foreldrasamstarf í félagsmiðstöðvum.
- Félagsmiðstöðvar innleiði árangursvottunarkerfi sem geri unglingsum kleift að fá verkefni sín eða afrek í félagsmiðstöðvastarfi metin. Þetta árangursmat eða vottun fái raunverulegt vægi í samfélaginu.
- Bæta aðstöðu í félagsmiðstöðvum og auka þjónustu til að geta boðið upp á frístundastarf án aðgreiningar. Fjármagni verði deilt út í borgarhluta út frá fjölda og þjónustuþyngd þeirra barna sem nýta þjónustuna.
- Skoða möguleika á að samræma starfsemi félagsmiðstöðva og Vinnuskólans og að fleiri starfsmenn verði ráðnir í heilsárs törf með unglingsum.
- Íþróttafélög verði hvött til að bjóða upp á tíma í íþróttum sem ekki eru afreks- eða keppnismiðaðir.
- Leitast við að mæta þörfum barna og unglinga fyrir húsnæði og aðstöðu fyrir skapandi greinar, s.s. sviðslistir og hljóð- og myndvinnslu. Skoða möguleika á samstarfi við listafólk þar sem það fengi aðstöðu gegn því að leiðbeina og fræða börn og unglinga á mótí.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við fatlaða unglinga og hvetja til verkefna sem koma í veg fyrir félagslega einangrun þeirra.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við hinsegin unglinga og hvetja til verkefna sem koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga í þeim hópi.
- Íþróttafélög, tónlistarskólar, myndlistarskólar og skólahljómsveitir verði hvött til að bjóða upp á opið hópastarf til að koma betur til móts við þann hóp barna og unglinga sem ekki eru skráðir í skipulagt frístundastarf.
- Efnt verði til samræðu við skólasamfélagið um að heimanám komi ekki í veg fyrir þátttöku barna og unglinga í frístundastarfi.
- Vinna gegn félagslegri einangrun með því að auka kynningar á tómstundatilboðum í hverfum og efla tómstundamenntun í grunnskólum.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við unglinga með annað móðurmál en íslensku og hvetja til verkefna sem virkja þá til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.
- Styðja foreldra á atvinnuleysisráðum eða fjárhagsaðstoð í foreldrahlutverkinu, s.s. með því benda þeim á fjárhagsstuðning vegna þátttöku barna þeirra í skipulögðu frístundastarfi og benda þeim á hvernig stuðla má að virkri þátttöku barna og fjölskyldna í frítímanum án þess að það kosti mikið.



- Leitað verði nýrra leiða til að kynna foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku, hvaða frístundastarf stendur börnum þeirra til boða og byggja upp traust og skilning á mikilvægi skipulagðs frístundastarfs.

#### 4. Frístunda- og félagsstarf fyrir 16+

**Staðan:** Frístundaþjónusta á vegum borgarinnar og félaga minnkar verulega eftir að börn ljúka grunnskóla. Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR) starfrækir Hitt Húsið sem er opið öllu ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Þar geta ungmenni komið í sínum frítíma, kynnt hugmyndir sínar og nýtt sér aðstöðuna. Hitt Húsið býður einnig upp á sértækt frístundastarf fyrir 16-20 ára fötluð ungmenni sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskólanna. Meginmarkmið starfsins er að stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna í frístundum. Að auki hafa verið gerðar tilraunir með starf fyrir 16 ára og eldri í frístundamiðstöðvum borgarinnar, en ungmennaráðin í borginni hafa lagt fram óskir um að Reykjavíkurborg starfræki ungmennahús í nærumhverfi ungmenna. Jákvæðar niðurstöður úr könnunum Rannsóknar og greiningar á neyslu unglunga í 8.-10. bekk má meðal annars tengja við þátttöku unglunganna í skipulögðu frístundastarfi. Niðurstöður meðal ungmenna á aldrinum 16-18 ára sýna hins vegar neikvæðari niðurstöður.

**Framtíðarsýn:** Framboð á skipulögðu frístundastarfi fyrir þennan aldurshóp verði aukið. Í öllum borgarhlutum hafi ungmenni tækifæri og aðstöðu til að hittast og fást við margvíslega iðju á eigin forsendum með leiðsögn fagfólks. Áhersla verði lögð á mikilvægt hlutverk frístundastarfs í forvörnum og að efla félagslega stöðu ungmenna, í samstarfi við framhaldsskólana og félagasamtök. Almennt geti ungmenni fundið sér frístundastarf við hæfi í nærumhverfi sínu, þó sértæk áhugamál þurfi ef til vill að stunda utan hverfis. Íþrótt-, lista- og tómstundatilboð verði í boði fyrir ungmenni sem ekki hafa áhuga á keppni eða afreksáherslum. Frístundastarf verði án aðgreiningar, þar sem stuðningur verður veittur ef þörf krefur við frístundastarf ungmenna. Almenningsgöngur taki mið af frístundastarfi ungmenna.

##### Tillögur að aðgerðum:

- Teknar verði upp viðræður við ríkið um aðkomu þess að fjármögnun frítímaþjónustu fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri.
- Frístundamiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar og Hitt Húsið auki samstarfið við framhaldsskólana til að sinna betur 16+ hópnunum í frítímanum.
- Styðja við 16-18 ára sem eru í áhættuhópi, s.s. vegna brotthvarfs úr námi, neyslu eða félagslegrar stöðu.

- Leitast við að koma til móts við þarfir 16+ hópsins um frístundaþjónustu í hverfum borgarinnar.
- Halda stórfundi með ungmennum um málefni þeirra.
- Leita leiða til að ungmenni geti sótt um styrki til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.
- Leitast við að mæta þörfum ungmenna fyrir húsnæði og aðstöðu fyrir skapandi greinar, s.s. sviðslistir og hljóð- og myndvinnslu. Skoða möguleika á samstarfi listafólks, ungmenna, unglinga og barna varðandi leiðsögn og samnýtingu á húsnæði.
- Finna leiðir í samstarfi við ungmenni til að auka áhrif og virkni þeirra í málum er varða þau í frítíma sínum.
- Íþróttafélög, tónlistarskólar og myndlistarskólar verði hvattir til að bjóða upp á opið hópastarf fyrir þennan aldurshóp.
- Leita leiða til að frístundastarf fyrir 16+ verði án aðgreiningar.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við ungmenni með annað móðurmál en íslensku og hvetja til verkefna sem virkja til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.
- Skapa aðstæður til að koma betur til móts við hinsegin ungmenni og hvetja til verkefna sem koma í veg fyrir félagslega einangrun einstaklinga í þeim hópi.

## 5. Frístunda- og félagsstarf eldra fólks

**Staðan:** Velferðarsvið starfrækir 17 félagsmiðstöðvar víðsvegar um borgina sem eru opnar Reykvíkum á öllum aldri. Markmið starfseminnar er að fyrirbyggja einmannaleika og draga úr félagslegri einangrun með því að bjóða upp á opið félags- og tómstundastarf, auk fjölda námskeiða. Félagsstarfið er vettvangur samfunda, mannglegra samskipta og skapandi athafna. Leitast er við að virkja frumkvæði og hæfileika hvers og eins. Hádegisverður og kaffiveitingar eru í boði á öllum stöðvum. Jafnframt býður Reykjavíkurborg upp á sundleikfimi, íþróttir fyrir aldraða og púttvelli.

**Framtíðarsýn:** Í öllum borgarhlutum verði frístundaþjónusta í boði fyrir eldra fólk og aðstaða þar sem fólk getur hist og fengist við margvíslega iðju á eigin forsendum með leiðsögn fagfólks. Sérstök áhersla verði lögð á að ná til óvirkra og félagslega einangraðra einstaklinga í hópi eldra fólks. Úrræði og bjargir félags- og frístundamiðstöðva í borgarhlutunum verði samnýttar. Þannig skapast tækifæri til að ryðja úr vegi aldurstengdum áherslum og aðgreiningu og styrkja enn frekar áhuga- og markhópatengda frístundaþjónustu þar sem ólík reynsla og þekking fær að njóta sín. Sérstök áhersla verði lögð á að hlúa að og styðja við sjálfsprottið frístundastarf og samstarf við félagasamtök. Eldra fólk hafi aðgang að íþróttamannvirkjum borgarinnar fyrir fjölbreytta íþróttaiðkun og heilsueflingu. Staðsetning frístundastarfs taki mið af aðstæðum og samgönguháttum eldra fólks.

### Tillögur að aðgerðum:

- Unnið verði að betri tengingu félagsstarfs eldra fólks á vegum Reykjavíkurborgar við starf íþróttafélaga, dansskóla, stéttarfélaga, kirkjunnar, Félags eldri borgara og starfsmannafélaga.
- Íþróttafélög verði hvött til að bjóða upp á starf fyrir eldra fólk, m.a. í samstarfi við ÍTR og ÍBR.
- Vinna gegn einmannaleika og félagslegri eingangrun eldri borgara með því að efla kynningu á því sem er í boði fyrir þennan hóp og kynningarefni sé til staðar á heilsugæslustöðum og stuðla að félagsstarfi sem brúar bil milli kynslóða.
- Tilraunaverkefni í Hraunbæ, þar sem umsjón og stjórnskipuleg ábyrgð á frístunda- og félagsstarfi eldra fólks hefur verið fært frá þjónustumiðstöð til frístundamiðstöðvar, verði metið og tekin ákvörðun um hvort tilefni sé til að stíga sambærileg skref með fleiri félagsmiðstöðvar velferðarsviðs í góðu samstarfi við skóla- og frístundasvið.



- Aðstaða til frístundaiðkunar, eins og íþróttamannvirki, verði nýtt í þágu eldra fólks eins og kostur gefst.
- Skoða möguleika á að aðilar sem starfa við að styðja eldra fólk og öryrkja fái frítt þegar þeir fylgja viðkomandi á söfn og sundlaugar borgarinnar.
- Kynna það frístundastarf sem er í boði fyrir eldra fólk betur.
- Halda áfram að birta upplýsingar um frístundastarf fyrir eldra fólk á vefnum [www.fristund.is](http://www.fristund.is) og kynna vefinn fyrir eldra fólk.
- Skapa tækifæri fyrir eldra fólk og fjölskyldur þeirra til að mætast í frítímanum, t.d. með námskeiðum á vegum lista- og menningarstofnana.

## Hugtakalisti

**Börn:** Í stefnunni er „börn“ notað yfir einstaklinga sem eru 12 ára og yngri.

**Borgarhlutar:** Þjónustusvæði Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi þegar stefnan er sett: 1) Vesturbær, Miðborg og Hlíðar, 2) Laugardalur og Háaleiti, 3) Árbær, Grafarholt og Norðlingaholt, 4) Grafarvogur og Kjalarnes og 5) Breiðholt.

**Félagsmiðstöð:** Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Hlutverk þeirra er annars vegar að bjóða börnum og unglingum upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar er hlutverk þeirra að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Einnig rekur Reykjavíkurborg félagsmiðstöðvar fyrir eldra fólk.

**Félagsstarf eldra fólks:** Skipulagt starf fyrir eldri borgara í félagsmiðstöðvum sem Reykjavíkurborg rekur á 17 stöðum í borginni ásamt öðru skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi fyrir eldra fólk.

**Formleg menntun:** Formleg menntun byggir oftast á námskrá eða kennsluáætlun. Leiðbeinendur eða kennarar í formlegu námi geta stjórnað umhverfi nemenda og stjórnað samskiptum nemenda upp að vissu marki, t.d. með námsefni, heimavinnu, sætaröðun og skiptingu í hópa.

**Frístundaheimili:** Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins. Skv. 33. gr. grunnskólalaga skal öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Í Reykjavík eru starfandi frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar.

**Frístundamiðstöð:** Frístundamiðstöðvar sjá um rekstur félagsmiðstöðva og frístundaheimila í viðkomandi borgarhluta. Vettvangur frístundamiðstöðvanna í Reykjavík er frítíminn. Starfsemi frístundamiðstöðva miðar að því að efla félagsauð hverfanna með því að stuðla að heilbrigði og félagslegri þátttöku almennings.

**Frístund:** Sá tími sem gefst þegar skyldum við skóla, vinnu eða heimili lýkur.

**Frístundastarf:** Skipulagt starf á vettvangi frítímans, hvort heldur sem er á vegum Reykjavíkurborgar eða íþróttá- og æskulýðsfélaga.

**Hverfi:** *Innan borgarhluta eru nokkur hverfi sem helgast af landfræðilegum skilum, skólum og íþróttafélögum, sundstöðum og bókasöfnum, sögu og öðru því sem myndar hverfi* (úr skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar, 30. júní 2015).

**Óformleg menntun:** Óformleg menntun byggist upp á samræðum þar sem ekki er unnið með fyrirfram ákveðna áætlun. Óformleg menntun á sér stað í raunverulegum aðstæðum sem hvetja þátttakendur til að eiga samskipti við aðra og prófa sig áfram og auka þannig færni sína.

**Skapandi frístundastarf:** Starf á vettvangi frítímans þar sem börn fá tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þau vege og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu (sbr. Aðalnámsskrá grunnskóla).

**Tómstundamenntun:** Eitt af grunnhugtökunum í náminu í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands er tómstundamenntun (e. leisure education). Í stuttu máli felst tómstundamenntun í því að kenna einstaklingum að nota frítíma sinn á jákvæðan og uppbyggjandi hátt með það að markmiði að auka lífsgæði. Tómstundamenntun getur bæði verið formleg og óformleg (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2014).

**Unglingar:** Í stefnunni er „unglingar“ notað yfir einstaklinga sem eru 13-15 ára.

**Ungmennir:** Í stefnunni er „ungmennir“ notað yfir einstaklinga 16-25 ára.

## Heimildaskrá

Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. (2014). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulyingar/20140527\\_ar\\_a5\\_isl\\_vef.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyingar/20140527_ar_a5_isl_vef.pdf)

Borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila. (2010). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulyingar/borgarr\\_ssam\\_ykklok2010.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyingar/borgarr_ssam_ykklok2010.pdf)

Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2019. (2014). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/forvarnastefna\\_reykjavikur\\_net.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/forvarnastefna_reykjavikur_net.pdf)

Heilsuefning aldraðra – skýrsla starfshóps. (2016). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/lokaskyrsla.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/lokaskyrsla.pdf)

Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. (2014). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_uppsett.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf)

Lýðheilsa og heilsuefning barna og unglunga í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. (2016). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/heilsuefning\\_-\\_leik-grunn-og\\_i\\_fristundarstarfi.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/heilsuefning_-_leik-grunn-og_i_fristundarstarfi.pdf)

Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. (2016). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna\\_reykjavikurborgar\\_1.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_1.pdf)

Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020 (2014). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_frettir/2014\\_menningarstefna\\_rvk\\_samthykk\\_t\\_i\\_borgarstjorn\\_20\\_5\\_2014.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/2014_menningarstefna_rvk_samthykk_t_i_borgarstjorn_20_5_2014.pdf)

Rannveig Traustadóttir. (2008). Rými, sjálf og samfélag í lífi fatlaðra barna. Í G.Ó. Jóhannesson og H. Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 433–443). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Reykjavíkurborg – borg fyrir ungt fólk, stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri (án ártals).

Sótt af:



[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis skjol/skjol utgefid efni/reykjavik borg fyrir ungt folk vefutgafa.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/reykjavik_borg_fyrir_ungt_folk_vefutgafa.pdf)

Samstarfssáttmáli við myndun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur 2014-2018. (2014). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/rvk\\_samstarfssattmali.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/rvk_samstarfssattmali.pdf)

Stefna í íþróttamálum í Reykjavík 2012-2020. (2012). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/skrifstofur\\_radhuss/skrifstofaborgarstjora/Stefnur/stefnumotun fyrir ithrottir lokaskjal.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/skrifstofur_radhuss/skrifstofaborgarstjora/Stefnur/stefnumotun_fyrir_ithrottir_lokaskjal.pdf)

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara til 2017. (2013). Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis skjol/skjol utgefid efni/malefni eldri borgara juni2013 web.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/malefni_eldri_borgara_juni2013_web.pdf)

Stefnumótun í æskulýðsmálum 2014-2018. (2014). Sótt af:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2015/Stefnumotun-i-aeskulydsmalum2014.pdf>

Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum (2011). Sótt af:

[https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Stefnumotun\\_mrn\\_ithrottir\\_low.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Stefnumotun_mrn_ithrottir_low.pdf)

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2014). Tómsfundamenntun. Í *Uppeldi og menntun*. 23(1), bls. 91-97. Sótt af:

<https://ojs.hi.is/uppmennt/article/view/1963>

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs. Sótt af:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis skjol/skjol utgefid efni/vidmid - mat i fristundastarfi 0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_mat_i_fristundastarfi_0.pdf)

